



SÝSLUMAÐURINN Í REYKJAVÍK

Dagsetning

Tilvísun

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 7. júlí 2009

Alþingi
Erindi nr. Þ 137/593
komudagur 10. 7. 2009

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1997, um sanningsveð

Sýslumanninum í Reykjavík hefur borist bréf Alsherjarnefndar Alþingis, dags. 26. júní sl., þar sem honum er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum 75/1997, um sanningsveð.

Samkvæmt efni frumvarpsins er lagt til að lánveitendur beri áhættuna af því að veðandlag nægi til fullnustu kröfu. Nái breytingin fram að ganga mun það ekki hafa bein áhrif eða breyta framkvæmd varðandi nauðungarsölur hjá sýslumanninum í Reykjavík. Það er þó mat sýslumanns, að breytingin nái hún fram að ganga, geti haft þau áhrif að veðhafar láti ekki lengur nægja að bjóða inn í sinn veðrétt við nauðungarsölur heldur bjóði það hátt að nægi til greiðslu allrar kröfunnar. Má þannig gera ráð fyrir að hærra verð fái fyrir eignir á nauðungarsölu, til hagsbóta fyrir gerðarþola. Þá telur sýslumaður hæpið að það fái staðist að lögin geti átt við um fasteignaveðlán sem stofnað hefur verið til fyrir gildistöku þeirra.

Að öðru leyti gerir sýslumaður ekki sérstakar athugasemdir við ofangreint lagafrumvarp.

Virðingarfyllst

f.h. sýslumannsins í Reykjavík


Þuríður Gunnadóttir
skrifstofustjóri